



# **Innleiðing**

# **RDA skráningarreglna**

# **á Íslandi**

**1. janúar 2015 – 20. maí 2016**

Ágúst 2016

Titill: Innleiðing RDA skráningarreglna á Íslandi : 1. janúar 2015 – 20. maí 2016

Samantekt: Magnhildur Magnúsdóttir, verkefnisstjóri RDA innleiðingar

Ljósmynd á forsiðu tekin á RDA námskeiði á Akureyri í mars 2016: Hallfríður Kristjánsdóttir

Útgefandi: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Arngrímsgötu 3, 107 Reykjavík

ISBN 978-9935-434-10-4

ISSN 2298-7231

Skýrslur Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns : 1 – 2016

Höfundarréttur: Creative Commons Attribution 4.0 International (CC BY 4.0)



## EFNISYFIRLIT

Samantekt um innleiðingu RDA á Íslandi .....	4
Undanfari innleiðingar RDA.....	4
Undirbúningur fyrir innleiðingu RDA á Íslandi .....	5
Fjármögnun innleiðingarinnar.....	6
Innleiðingarferlið .....	7
<b>Verkefnisstjóri</b> .....	7
<b>Stýrihópur</b> .....	8
<b>Innleiðingarteymi</b> .....	9
<b>Erlend sérfræðiaðstoð</b> .....	10
<b>Pýðingar</b> .....	12
<b>Kennarateymi</b> .....	14
<b>Kerfisteymi</b> .....	16
<b>Skráningarráð</b> .....	18
<b>Handbók skrásetjara Gegnis</b> .....	20
<b>Kannanir</b> .....	21
<b>Fræðslufundir skrásetjara</b> .....	21
<b>Greinar um RDA</b> .....	23
<b>Eftirfylgni</b> .....	23
Samantekt .....	24
Myndir .....	25
Viðauki 1.....	26
Viðauki 2.....	29
Viðauki 3.....	31
Viðauki 4.....	35
Abstract .....	39

## SAMANTEKT UM INNLEIÐINGU RDA Á ÍSLANDI

Starfsumhverfi skrásetjara í bókasöfnum á Íslandi hefur þá sérstöðu að meirihluti þeirra skráir í sameiginlegt bókasafnskerfi, þ.e. Gegni, sem er samskrá íslenskra bókasafna. Samvinna skrásetjara er því mikil og hagsmunir sameiginlegir hvort sem viðkomandi skráir fyrir almenningsbókasafn, háskólabókasafn eða sérfræðisafn. Þetta er meðal helstu styrkleika skráningarumhverfisins hér á landi ásamt samþættu leitargáttinni leitir.is. Í þessari skýrslu verður farið yfir undirbúning fyrir innleiðingu á nýjum alþjóðlegum skráningarreglum, RDA (Resource Description and Access) í íslenskum bókasöfnum og innleiðingarferlið sjálft.

## UNDANFARI INNLEIÐINGAR RDA

Segja má að fyrsta skrefið að undirbúningi innleiðingar nýrra skráningarreglna, RDA á Íslandi, hafi verið ráðstefna sem haldin var hér á landi árið 2007. Ráðstefnan Back to Basics – and Flying into the Future var tveggja daga alþjóðleg ráðstefna um RDA reglurnar sem þá voru í smíðum. Ráðstefnan var fjölsótt og fyrirlesarar frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Danmörku, Íslandi, Noregi og Þýskalandi reifuðu viðfangsefnið frá ýmsum hliðum. Síðan hafa skrásetjarar Gegnis leitast við að fylgjast með. Nokkrar ráðstefnur hafa verið sóttar erlendis og safnað í sarpinn. Vefnámskeið á vegum bandarísku bókavarda- samtakanna (ALA) voru sótt, t.d. um innleiðingu RDA, um skráningu á landakortum, tónlist og almennt um skráningu samkvæmt RDA. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er aðili að European RDA Interest Group (EURIG) og þar hafa myndast mikilvæg tengsl við erlenda sérfræðinga. Á reglulegum fræðslufundum fyrir skrásetjara Gegnis var einnig vakin athygli á því sem í vændum var.

## UNDIRBÚNINGUR FYRIR INNLEIÐINGU RDA Á ÍSLANDI

2. febrúar 2015 var ákvörðun um innleiðingu RDA á Íslandi formlega staðfest

Landsbókasafn bar fjárhagslega ábyrgð á verkefninu

Stofnun teyma

Árið 2014 dró til tíðinda varðandi innleiðingu RDA en þá var tekin ákvörðun um að innleiða reglurnar á Íslandi og taka þær í notkun í Gegni. Þann 2. febrúar 2015 var ákvörðun um innleiðingu RDA á Íslandi formlega staðfest. Meginábyrgð á ákvörðuninni og fjárhagslega ábyrgð á verkefninu bar Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Rekstraraðili Gegnis er Landskerfi bókasafna, hlutafélag í eigu ríkis og sveitarfélaga. Skráningarráð Gegnis starfar á vegum þess og hefur það hlutverk að marka stefnu, fylgjast með þróun og setja verklagsreglur um skráningu. Haustið 2014 hóf skráningarráð skipulagningu innleiðingar RDA að beiðni landsbókavörðar. Ráðið lagði fram drög að innleiðingaráætlun og skipaði innleiðingarteymi, þýðingarteymi og kennarateymi. Auk skráningarráðs önnuðust þessi teymi helstu verkefni við innleiðinguna ásamt kerfisteymi á vegum Landskerfis bókasafna. Vinna við innleiðinguna hófst formlega 1. janúar 2015. Þá tók innleiðingarteymið við umsjón verkefnisins og jafnframt tók til starfa verkefnisstjóri í hálfu starfi til eins og hálfis árs. Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður gekkst fyrir stofnun stýrihóps, verkefnisstjóra til halds og traust við veigamiklar ákvarðanir. Stýrihópin skipuðu landsbókavörður, framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna, borgarbókavörður og formaður skráningarráðs Gegnis. Að lokinni innleiðingu eru allar frumskráðar bókfræðifærslur í Gegni unnar samkvæmt RDA. Til viðbótar við frumskráðar færslur eru u.þ.b. 30% árlegra skráninga í Gegni, færslur sem eru afritaðar úr erlendum gagnagrunnum.

Nokkur söfn tóku þátt í innleiðingunni

Eins og áður sagði þar Landsbókasafn fjárhagslega ábyrgð á verkefninu. Önnur söfn lögðu þó til vinnu og/eða fjármagn og má þar nefna Bókasafn Hafnarfjarðar, Borgarbókasafn Reykjavíkur, Bókasafn Listaháskóla Íslands, Bókasafn Seltjarnarness og Orkustofnun. Þá er ótalið Landskerfi bókasafna sem t.d. greiðir fyrir aðgang að RDA Toolkit og fyrir þýðingu á inngangskafla reglnanna ásamt vinnuframlagi starfsmanna sinna við kerfislegan þátt innleiðingarinnar.

Sótt var um styrki

Lagðar voru fram fimm umsóknir um styrki á tímabilinu og voru þrjár af þeim samþykktar. Landsbókasafn fékk úthlutað styrk úr Starfsþróunarsetri háskólamanna vegna námsferðar tveggja starfsmanna til systurstofnana í Bretlandi og Hollandi. Þjónustumiðstöð bókasafna veitti styrk til að leigja tölvustofu fyrir námskeið um RDA skráningu. Málræktarsjóður samþykkti umsókn um styrk til frekari þýðinga fyrir árið 2016.


Skrásetjarasjóðurinn

Stærsti fjárhagslegi stuðningurinn kom frá svokölluðum skrásetjarasjóði en hann er til kominn vegna hagnaðar af alþjóðlegu skráningarráðstefnunni Back to Basics – and Flying into the Future sem haldin var í Reykjavík árið 2007. Reikningurinn var stofnaður árið 2007 og var óhreyfður þar til í mars 2015. Hlutverk skrásetjarasjóðsins er að styrkja verkefni sem tengjast innleiðingu RDA skráningarreglnanna á Íslandi. Skrásetjarasjóðurinn er í vörslu Upplýsingar – Félags bókasafns- og upplýsingafræða.



Mynd 1. Magnhildur Magnúsdóttir

Verkefnisstjóri RDA innleiðingarinnar var Magnhildur Magnúsdóttir upplýsingafræðingur á Landsbókasafni. Hlutverk verkefnisstjóra var að halda utan um verkefnið og veita upplýsingar um framvindu þess. Verkefnisstjóri sá til þess að gögn væru aðgengileg þeim sem á þurftu að halda, annaðist ýmiss konar skipulagningu og var tengiliður milli vinnuhópa. Verkefnisstjóri miðlaði fróðleik um verkefnið og voru t.d. sendir út fjórir tölvupóstar (fréttamolar) með upplýsingum um gang mála til þeirra sem komu að innleiðingunni. Einnig var sent efni í vikulokapóst Landsbókasafns, starfsfólki safnsins til upplýsingar, ásamt því að upplýsingum var komið á framfæri á fjölda funda vinnuhópa og teyma.



## STÝRIHÓPUR

Stýrihópur til ráðgjafar og aðstoðar

Landsbókavörður gekkst fyrir stofnun stýrihóps til stuðnings innleiðingu RDA á Íslandi. Stýrihópurinn hafði það hlutverk að styðja við starf verkefnisstjóra og vera honum til ráðgjafar og aðstoðar við úrlausn mála sem upp kynnu að koma, m.a. fjármögnun einstakra verkhluta. Ennfremur var hópurinn tengiliður við hagsmunaaðila. Stýrihópur fundaði sjö sinnum og á fundum var farið yfir stöðu verkefnisins með hliðsjón af verkáætlun og kostnaðaráætlun. Þess á milli sendi verkefnisstjóri upplýsingar um gang mála til hópsins. Í stýrihópi sátu Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður, Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna, Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður og Rósa S. Jónsdóttir, forstöðumaður bókasafns Orkustofnunar og formaður skráningarráðs Gegnis, auk Magnhildar Magnúsdóttur verkefnisstjóra.



**Mynd 2.** Stýrihópur, f.v. Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, Rósa S. Jónsdóttir, Magnhildur Magnúsdóttir, Sveinbjörg Sveinsdóttir, Pálína Magnúsdóttir.



## INNLEIÐINGARTEYMI

Innleiðingarteymi fylgdist með gangi mála

Dropbox

Innleiðingarteymi vann að og hélt utan um innleiðinguna á RDA. Teymið hélt fundi einu sinni í mánuði og fór yfir stöðuna á verkefnum innleiðingarinnar. Í innleiðingarteymi sátu meðlimir skráningarráðs, talsmenn þýðingar-, kennara- og kerfisteymis, sviðsstjóri aðfanga og skráningar á Landsbókasafni, þróunarstjóri Landskerfis bókasafna, gæðastjóri skráningar í Gegni og verkefnisstjóri RDA innleiðingar. (Sjá nánar í viðauka 1, um mönnun í innleiðingarferlinu). Dropbox var notað sem geymslustaður fyrir skjöl, t.d. fundargerðir, vinnugögn, verkefnaáætlanir og kostnaðaráætlun, meðan á innleiðingu stóð. Það var gert til að allir sem unnu að innleiðingunni hefðu aðgang að sömu upplýsingum óháð vinnustöðum.



**Mynd 3.** Innleiðingarteymi, f.v. Ragna Steinarsdóttir, Magnhildur Magnúsdóttir, Hildur Gunnlaugsdóttir, Hallfríður Kristjánsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir, Áslaug Þorfinnsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir, Sigrún Hauksdóttir.

British Library

Universiteitsbibliotheek  
Amsterdam

Alan Danskin

Ákveðið var að afla upplýsinga um verklag erlendra safna við innleiðingu RDA og í því skyni var breska þjóðbókasafnið, British Library, heimsótt í mars 2015 og ásamt Háskólabókasafninu í Amsterdam (Universiteitsbibliotheek Amsterdam). Í British Library var boðið upp á 3ja daga námskeið og sóttu það sex upplýsingafræðingar frá Íslandi, þ.e. meðlimir kennarateymis, sviðsstjóri aðfanga- og skráningarsviðs Landsbókasafns og þróunarstjóri Landskerfis bókasafna. Í framhaldi af námskeiðinu héldu fimm þeirra til Amsterdam og fengu einn dag til að kynna sér starfsemi bókasafns Amsterdamháskóla og hvernig þar var staðið að innleiðingu RDA. Helsti skráningarsérfræðingur British Library, Alan Danskin, Metadata Standards Manager/JSC Representative, sá um skipulag og utanumhald heimsóknarinnar til British Library og undirbúning heimsóknarinnar til Amsterdam.



**Mynd 5.** Myndin er tekin fyrir utan British Library, Boston Spa, f.v. Sigrún Hauksdóttir, Ragna Steinarsdóttir, gestgjafinn Alan Danskin, Áslaug Þorfinnsdóttir, Magnhildur Magnúsdóttir, Hallfríður Kristjánsdóttir og Verena Schaffner frá Austurríki sem sótti sama námskeið. Á myndina vantar Rósfríði Sigvaldadóttur sem tók myndina.

Alan Danskin var einnig aðalfyrirlesari á RDA fræðslufundi skrásetjara Gegnis 21. maí 2015. Fundurinn var haldinn í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð og stóð frá kl. 9.00 – 16.30. Þangað mættu rúmlega 100 manns, bæði skrásetjarar og aðrir sem vildu kynna sér nýju reglurnar. Alan Danskin hélt auk þess námskeið fyrir lykilfólk innleiðingarinnar, alls 18 manns.



**Mynd 6.** Á fræðslufundi skrásetjara, Alan Danskin, helsti skráningarsérfræðingur British Library.

Þýðing valinna grunnhugtaka

Frá upphafi lá fyrir að ekki væri bolmagn til að þýða RDA reglurnar í heild á íslensku. En vegna nýrra hugtaka og breyttrar orðanotkunar miðað við eldri reglur var það verkefni þriggja manna þýðingarteymis að sjá um íslenskar þýðingar á faglegum grunnhugtökum og meta umfang frekari þýðinga. Þýðingarteymið tók til starfa áður en formleg innleiðingarverkefni fóru af stað eða í nóvember 2014 og gert er ráð fyrir að teymið starfi allt árið 2016, en undir merkjum orðanefndar í upplýsingafræði. Teymið skipuðu Dögg Hringisdóttir frá Landskerfi bókasafna, Hildur Gunnlaugsdóttir frá Landsbókasafni og Ragna Steinarsdóttir frá Landsbókasafni, talsmaður teymisins. Sigrún J. Marelsdóttir frá Landsbókasafni kom inn í teymið í janúar 2016 en Dögg dró sig í hlé vegna annarra verkefna. Haldnir voru 25 formlegir fundir og styttri vinnufundir að auki. Meðal verkefna teymisins voru eftirfarandi þýðingar sem birtar eru í Handbók skrásetjara Gegnis (HASK):

Inngangskafli RDA

Hlutverkalisti

1. Þýðing og val heita úr sviðum 336-338 í marksniði (content, media, carrier)
2. Þýðing þeirra grunnhugtaka RDA sem koma fyrir í inngangskafli RDA (Introduction). Inngangskafllinn var þýddur hjá þýðingarfyrtækinu Skjal ehf. Þýðingarteymið lagði til lista yfir grunnhugtök. Teymið gerði einnig umfangsmiklar breytingar á textanum sem kom frá þýðingarfyrtækinu og sá um endanlegan frágang hans.
3. Þýðing og val heita úr hlutverkalista RDA Toolkit (Appendices I-M) og MARC Code List for Relators

Framhald verkefna teymisins verður að bregðast við athugasemdum sem kunna að berast, fylgja þýðingunum eftir í Gegni,

Styrkur úr Málræktarsjóði

fylgjast með breytingum á orðalistum í RDA Toolkit og ákveða hvernig styrknum sem fékkst úr Málræktarsjóði í lok mars 2016 verður varið. Styrkurinn verður nýttur til áframhaldandi vinnu við þýðingar og skilgreiningar á RDA-hugtökum.



**Mynd 7.** Þýðingarteymi, f.v. Sigrún J. Marelsdóttir, Hildur Gunnlaugsdóttir, Ragna Steinarsdóttir, Dögg Hringsdóttir.

## KENNARATEYMI

Kennslugögn	Kennarateymið samanstóð af Áslaugu Þorfinnsdóttur, Bókasafni Hafnarfjarðar, Hallfríði Kristjánsdóttur, talsmanni teymisins, Magnhildi Magnúsdóttur og Rósfríði Sigvaldadóttur, öllum frá Landsbókasafni. Teymið bar ábyrgð á, skipulagði og stóð fyrir kennslu og þjálfun í RDA skráningu fyrir alla skrásetjara Gegnis. Teymið sá einnig um að búa til kennslufni á íslensku. Í febrúar – apríl 2016 voru haldin tíu námskeið, átta stundir hvert námskeið. Alls sótti 161 starfandi skrásetjari námskeiðin og þar af voru 25 starfsmenn Landsbókasafns.
RDA skráningarnámskeið	Námskeiðin voru blanda af fyrirlestrum og verklegum æfingum og voru haldin í tölvustofum, þar sem hver og einn hafði aðgang að tölvu. Leigð var aðstaða hjá Promennt, Skeifunni 11b, fyrir námskeiðin sem haldin voru í Reykjavík. Eitt námskeið var haldið á Akureyri og var leigð stofa í húsnæði Símejjar á Akureyri fyrir það. RDA námskeiðin eru forsenda þess að skrásetjari viðhaldi skráningarheimild sinni í Gegni. Formlegir fundir kennarateymis voru 12, ásamt ýmsum óformlegum fundum og samskiptum. Einnig var í maí 2016 haldið námskeið um RDA skráningu á hljóðritaðri tónlist og nótum, ásamt sérstöku námskeiði um greiniskráningu samkvæmt RDA.
Önnur námskeið	Rósa Björg Jónsdóttir á Landsbókasafni kenndi á námskeiðinu um skráningu á tónlist og nótum. Það var haldið í Landsbókasafni og sóttu 23 skrásetjarar námskeiðið. Hallfríður Kristjánsdóttir sá um kennslu á þremur námskeiðum um greiniskráningu ásamt Rósu Björgu Jónsdóttur. Greiniskráningarnámskeiðin voru haldin í tölvustofu hjá Promennt og mættu 40 skrásetjarar. Kennarateymið setti á laggirnar Facebook-hóp um RDA skráningu á Íslandi, hópurinn var hugsaður fyrir óformlega umræðu um RDA. Skráningarráð mun halda utan um áframhaldandi starfsemi hópsins að loknum störfum kennarateymis. Háskólaprent sá um að fjölrita
Facebook, RDA skráning á Íslandi	
Grunnskjal um skráningu bóka	

kennsluheftið fyrir RDA skráningarnámskeiðin. Stór hluti af vinnu kennarateymis var gerð grunnskjals um skráningu á bókum út frá RDA og starfaði teymið þannig jafnframt sem einn af vinnuhópum skráningarráðs um RDA skráningu.



**Mynd 8.** Kennarateymi, f.v. Rósfríður Sigvaldadóttir, Hallfríður Kristjánsdóttir, Áslaug Þorfinnsdóttir, Magnhildur Magnúsdóttir.

Kerfisleg aðlögun  
skráningarþáttar Gegnis

Birting fullrar færslu í  
leitir.is

Landskerfi bókasafna bar ábyrgð á verkefnum kerfisteymis. Hlutverk þess var að tryggja kerfislega undirstöðu Gegnis og safnagáttarinnar leitir.is vegna innleiðingar RDA. Markmiðið var að sjá til þess að skráning samkvæmt RDA og bókasafnskerfið vinni sem best saman. Skilgreind hlutverk kerfisteymis voru þrjú. Meginhlutverkið var kerfisleg aðlögun skráningarþáttar Gegnis. Hún er m.a. fólgin í endurbótum og aðlögun verkferla, t.d. við stofnun nýrra færslna fyrir mismunandi efnisform, greiniskráningu og meðhöndlun færslna sem eru sóttar í erlenda gagnagrunna. Í tengslum við annað hlutverk kerfisteymis, samþættingu RDA og leitir.is, var stofnaður sérstakur hópur. Hlutverk hans er að bæta birtingu fullrar færslu í leitir.is ásamt því að huga að birtingu fullrar færslu í vefskoðara í skráningarþætti Gegnis. Þessi hópur mun starfa áfram. Til stóð að þriðja meginhlutverk kerfisteymis yrði að gera drög að innleiðingu / samþættingu RDA og Sarps en ekkert var unnið að því í þessum áfanga. Í kerfisteymi sátu Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri og Dögg Hringisdóttir kerfisstjóri, báðar frá Landskerfi bókasafna, einnig Hildur Gunnlaugsdóttir, gæðastjóri skráningar í Gegni, Landsbókasafni. Kerfisteymi hélt alls 11 fundi frá 16. apríl 2015 til 25. maí 2016. Teymið hefur lokið störfum en áfram verður unnið að ýmsum verkefnum sem tengjast breytingum á bókfræðiupplýsingum vegna RDA. Þetta eru verkefni sem eru hluti af innleiðingu RDA en var ekki fyrirhugað að vinna fyrr en eftir innleiðingu RDA reglnanna. Gæðahópur mun taka ábyrgð á þeim verkefnum sem er ólokið samkvæmt verkefnaáætlun kerfisteymis.





**Mynd 9.** Kerfisteymi, f.v. Sigrún Hauksdóttir, Dögg Hringsdóttir, Hildur Gunnlaugsdóttir.

Skráningarráð Gegnis sá að mestu leyti um undirbúning innleiðingar RDA en hlutverk ráðsins á meðan innleiðingunni stóð voru þessi:

- Að marka stefnu, fylgjast með þróun og setja verklagsreglur um RDA skráningu í Gegni.
- Að ákvarða túlkun og beitingu RDA reglna með tilliti til ítarleika og frávika.
- Að móta aðferðir við að fylgjast með skráningu með það að markmiði að tryggja gæði og samræmingu bókfræðilegra gagna.
- Að skera úr um ágreining varðandi skráningu.
- Að skipa í vinnuhópa um skráningu eftir því sem þörf krefur.

Vinnuhópar um skráningu mismunandi efnis

Skráningarráð skipaði sjö vinnuhópa sem unnu leiðbeiningar (grunnskjöl) um skráningu mismunandi tegunda efnis samkvæmt RDA, til birtingar í Handbók skrásetjara Gegnis (HASK). Vinnuhóparnir lögðu skjölin fyrir skráningarráð til samþykktar og var síðasta skjalið frá þessum hópum samþykkt í apríl 2016. Skjölin voru sett fram með samræmdum hætti eftir því sem unnt var. Vinnuhóparnir unnu grunnskjöl um eftirtaldar tegundir efnis: Bækur, hljóðbækur, hljóðritaða tónlist, nótur, kort, kvikmyndir og tímarit. Talsmenn vinnuhópanna voru eftirtaldir starfsmenn Landsbókasafns: Hallfríður Kristjánsdóttir, Rósa Björg Jónsdóttir, Jökull Sævarsson, Magný Rós Sigurðardóttir og Helga Kristín Gunnarsdóttir.



**Mynd 10.** Skráningarráð, f.v. Magnildur Magnúsdóttir verkefnisstjóri sat fundi skráningarráðs meðan á innleiðingu stóð, Hildur Gunnlaugsdóttir, Hallfríður Kristjánsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir, Sigrún Hauksdóttir, Áslaug Þorfinnsdóttir.

HASK

RDA Toolkit

Grunnskjöl  
vinnuhópa  
skráningarráðs

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur starfrækt vefhandbók fyrir skrásetjara, Handbók skrásetjara Gegnis (HASK). Handbókin gegnir lykilhlutverki varðandi aðgengi skrásetjara að upplýsingum um skráningu og samræmd vinnubrögð. Ákveðið var að uppfæra handbókina út frá RDA í stað þess að reiða sig einungis á vefinn RDA Toolkit, þar sem reglurnar eru birtar. Grunnskjöl vinnuhópa skráningarráðs voru grunnurinn að uppfærslunni og hélt ritstjóri HASK utan um störf vinnuhópanna. Í handbókinni eru einnig birtar afurðir þýðingarvinnu ásamt ýmsum fróðleik um RDA. Handbókin er uppfærð reglulega til samræmis við þróun RDA og eftir því sem vinnu við leiðbeiningar á íslensku vindur fram. Ritstjórn Handbókar skrásetjara Gegnis hélt 30 fundi á innleiðingartímabilinu. Ritstjórn skipuðu Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri, Hólmfríður Sóley Hjartardóttir vefstjóri, Magnhildur Magnúsdóttir og Rósfríður Sigvaldadóttir.



**Mynd 11.** Ritstjórn HASK, f.v. Magnhildur Magnúsd., Rósfríður Sigvaldadóttir., Sóley Hjartardóttir., Hildur Gunnlaugsdóttir.

## KANNANIR

Þrjár kannanir

Lagðar voru fyrir þrjár kannanir á innleiðingartímabilinu. Fyrsta könnunin var um fjölda þeirra sem hygðust sækja RDA skráningarnámskeiðin (sjá niðurstöður og framkvæmd í viðauka 2). Í næstu könnun var spurt um hvernig til hefði tekist með fræðslufund skrásetjara 21. maí 2015 (sjá niðurstöður og framkvæmd í viðauka 3). Þriðja könnunin sneri svo að því hvernig RDA skráningarnámskeiðin hefðu tekist (sjá niðurstöður og framkvæmd í viðauka 4). Kannanirnar nýttust vel við að ákveða næstu skref í innleiðingunni og var góð þátttaka í öllum þessum könnunum.

## FRÆÐSLUFUNDIR SKRÁSETJARA


Um 80 manns sóttu hvorn fund

Formlegur innleiðingardagur 20. maí 2016

Á innleiðingartímabilinu voru haldnir þrjú fræðslufundir skrásetjara fyrir utan önnur námskeið um RDA. Einn af þeim fundum var fyrrnefndur fræðslufundur vorið 2015 með erlendum fyrirlesara. Hinir fundirnir voru haldnir 13. nóvember 2015 og 20. maí 2016. Þessir fundir voru nýttir til frekari fræðslu um RDA og ýmis tengd málefni. Föstudagurinn 20. maí 2016, þegar síðari fundurinn var haldinn, var einnig formlegur innleiðingardagur RDA og því einn af lokaáföngum innleiðingarinnar. Fundirnir voru vel sóttir eða um 80 manns á hvorum fundi.



**Mynd 12.** Fræðslufundur skrásetjara í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni 20. maí 2016, sem var formlegur innleiðingardagur RDA.



**Mynd 13.** Kaka í tilefni formlegs innleiðingardags RDA.

## GREINAR UM RDA

Bókasafnið	Prjár greinar voru skrifaðar á tímabilinu. Greinin <i>Innleiðing RDA skráningarreglnanna</i> birtist í Bókasafninu, 39. árgangi 2015. Höfundar hennar eru Hildur Gunnlaugsdóttir, gæðastjóri Gegnis og Magnhildur Magnúsdóttir, verkefnisstjóri RDA innleiðingar, báðar starfandi á Landsbókasafni. Unnin var grein á ensku fyrir
Scandinavian Library Quarterly	tímaritið <i>Scandinavian Library Quarterly</i> , volume 49 NO. 1-2 2016. Greinin heitir <i>Community of cataloguers in Iceland - new cataloguing rules</i> , höfundur Magnhildur Magnúsdóttir og þýðandi Áslaug Agnarsdóttir, sviðsstjóri þjónustu og miðlunar á
Sveitarstjórnarmál	Landsbókasafni. Sama grein uppfærð á íslensku birtist í tímaritinu Sveitarstjórnarmál 3. tbl. 76. árgangur 2016, undir heitinu <i>Öflugt samstarf safna í landinu, skrásetjarasamfélagið á Íslandi – nýjar skráningarreglur</i> . Að lokum var skrifuð grein um RDA reglurnar undir heitinu <i>Innleiðing nýrra skráningarreglna á söfnum - hagarinn af nýju reglunum</i> , höfundur Magnhildur Magnúsdóttir og birtist greinin í tímaritinu Sveitarstjórnarmál, 4. tbl. 76. árgangur 2016.

## EFTIRFYLGNI

Eingöngu skráð eftir RDA	Formlegur innleiðingardagur RDA á Íslandi var 20. maí 2016. Það táknað að þaðan í frá eru allar frumskráðar bókfræðifærslur í Gegni samkvæmt RDA. Í framhaldi af því þarf að huga að fræðslu fyrir aðra hópa en skrásetjara, t.d. þá sem vinna við aðfangaskráningu, upplýsingaþjónustu og útlán. Einnig þarf að fylgjast með og þróa hvernig bókasafnskerfið vinnur með færslurnar, hvernig birting á leitir.is skilar sér og tryggja ásættanlegt samspil við eldri bókfræðifærslur. Auk þessa þarf að fylgjast með þróun reglnanna á vefnum RDA Toolkit.
--------------------------	--

Innleiðingarferlið reyndist mikil en farsæl vinna þar sem margir lögðu hönd á plóginn. Milli tuttugu og þrjátíu manns tóku þátt í starfi teyma og vinnuhópa og einkenndist ferlið af samstarfsvilja og samhug meðal skrásetjara í landinu. Ekki má heldur vanmeta að innleiðing RDA reyndist mikilvægt tækifæri til símenntunar fyrir starfandi skrásetjara. Þótt formlegri innleiðingu sé lokið er mikið verk framundan við eftirfylgni og gæðaeftirlit. Það skiptir meginmáli hvernig skráning samkvæmt RDA skilar sér í notendaviðmóti. Meginmarkmið með RDA er gott aðgengi notandans. RDA reglurnar eru t.d. betur til þess fallnar en eldri reglur að greina í sundur innihald og ytra form gagna, þær taka til skráningar á öllum útgáfuformum, jafnt áþreifanlegum sem raf-rænum / stafrænum og niðurstöður leitar eru auðlesnari, t.d. vegna þess að skammstafanir í skráningarfærslum eru aflagðar að mestu. Innleiðing RDA er því mikilvægt skref í átt að notendavænni nálgun við miðlun upplýsinga. Þótt RDA reglurnar eigi rætur í hefðbundinni skráningu safnkosts bókasafna er einn mikilvægur kostur þeirra að þær henta fleiri stofnunum en bókasöfnum, má þar nefna listasöfn, ljósmyndasöfn, muna- og minjasöfn, bókaútgáfur o.fl. Notandinn er ávallt í fyrirrúmi og mikið lagt upp úr tengslum gagna. Hugbúnaður, sem nútíma leitartækni byggist á, ræður við að vinna úr margþættum upplýsingum ef þær eru settar fram á samræmdan hátt. Þannig má samnýta upplýsingar um gögn í margbreytilegum söfnum þeim til hagsbóta sem á þurfa að halda. Innleiðing RDA í Gegni býður því uppá tækifæri fyrir fleiri stofnanir en bókasöfn til að kynna sér reglurnar og leggja mat á gagnsemi þeirra við mismunandi aðstæður.



## MYNDIR

Forsíðumynd: Hallfríður Kristjánsdóttir (mars 2016). Myndin er tekin á RDA námskeiði á Akureyri.

Mynd 1. Guðmundur K. Guðgeirsson (maí 2016). Magnhildur Magnúsdóttir.

Mynd 2. Magný Rós Sigurðardóttir (júni 2016). Stýrihópur f.v. Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, Rósa S. Jónsdóttir, Magnhildur Magnúsdóttir, Sveinbjörg Sveinsdóttir, Pálína Magnúsdóttir.

Mynd 3. Ingibjörg Bergmundsdóttir (júni 2016). Innleiðingarteymi, f.v. Ragna Steinarsdóttir, Magnhildur Magnúsdóttir, Hildur Gunnlaugsdóttir, Hallfríður Kristjánsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir, Áslaug Þorfinnsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir, Sigrún Hauksdóttir.

Mynd 4. Skipurit RDA innleiðingar á Íslandi.

Mynd 5. Rósfríður Sigvaldadóttir (mars 2015). Myndin er tekin fyrir utan British Library, Boston Spa, f.v. Sigrún Hauksdóttir, Ragna Steinarsdóttir, gestgjafinn Alan Danskin, Áslaug Þorfinnsdóttir, Magnhildur Magnúsdóttir, Hallfríður Kristjánsdóttir og Verena Schaffner frá Austurríki sem sótti sama námskeið.

Mynd 6. Magnhildur Magnúsdóttir (maí 2015). Á fræðslufundi skrásetjara, Alan Danskin, helsti skráningarsérfræðingur British Library.

Mynd 7. Þóra Gylfadóttir (júni 2016). Þýðingarteymi, f.v. Sigrún J. Marelsdóttir, Hildur Gunnlaugsdóttir, Ragna Steinarsdóttir, Dögg Hringsdóttir.

Mynd 8. Telma Rós Sigfúsdóttir (maí 2016). Kennarateymi, f.v. Rósfríður Sigvaldadóttir, Hallfríður Kristjánsdóttir, Áslaug Þorfinnsdóttir, Magnhildur Magnúsdóttir.

Mynd 9. Telma Rós Sigfúsdóttir (maí 2016). Kerfisteymi, f.v. Sigrún Hauksdóttir, Dögg Hringsdóttir, Hildur Gunnlaugsdóttir.

Mynd10. Ingibjörg Bergmundsdóttir (júni 2016). Skráningarráð, f.v. Magnhildur Magnúsdóttir verkefnisstjóri sat fundi skráningarráðs meðan á innleiðingu stóð, Hildur Gunnlaugsdóttir, Hallfríður Kristjánsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir, Sigrún Hauksdóttir, Áslaug Þorfinnsdóttir.

Mynd 11. Helgi Bragason (maí 2016). Ritstjórn HASK, f.v. Magnhildur Magnúsdóttir, Rósfríður Sigvaldadóttir, Sóley Hjartardóttir, Hildur Gunnlaugsdóttir.

Mynd 12. Helgi Bragason (maí 2016). Fræðslufundur skrásetjara 20. maí 2016, formlegur innleiðingardagur RDA.

Mynd 13. Helgi Bragason (maí 2016). Kaka í tilefni formlegs innleiðingardags RDA.

### Mönnun við innleiðingu RDA skráningarreglnanna

#### Stýrihópur:

- Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, landsbókavörður, Landsbókasafni, talsmaður hópsins
- Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna
- Pálína Magnúsdóttir, borgarbókavörður, Borgarbókasafni Reykjavíkur
- Rósa S. Jónsdóttir, forstöðumaður bókasafns Orkustofnunar, formaður skráningarráðs

#### Verkefnisstjóri:

- Magnhildur Magnúsdóttir, verkefnisstjóri, Landsbókasafni

#### Innleiðingarteymi:

- Skráningarráð (Áslaug Þorfinnsdóttir, Hallfríður Kristjánsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir)
- Þróunarstjóri Landskerfis bókasafna (Sigrún Hauksdóttir)
- Gæðastjóri skráningar á Landsbókasafni (Hildur Gunnlaugsdóttir)
- Verkefnisstjóri (Magnhildur Magnúsdóttir)
- Kennarateymi (Áslaug Þorfinnsdóttir, Hallfríður Kristjánsdóttir, Magnhildur Magnúsdóttir og Rósfríður Sigvaldadóttir)

#### Þýðingarteymi:

- Ragna Steinarsdóttir, sviðsstjóri aðfanga og skráningar, Landsbókasafni, talsmaður hópsins
- Dögg Hringisdóttir, kerfisstjóri, Landskerfi bókasafna
- Hildur Gunnlaugsdóttir, gæðastjóri skráningar, Landsbókasafni
- Sigrún J. Marelsdóttir, íslensk skráning og bókfræðistjórn, Landsbókasafni

#### Kennarateymi:

- Hallfríður Kristjánsdóttir, fagstjóri íslenskrar skráningar, Landsbókasafni, talsmaður hópsins
- Áslaug Þorfinnsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, Bókasafni Hafnarfjarðar
- Magnhildur Magnúsdóttir, verkefnisstjóri, Landsbókasafni
- Rósfríður Sigvaldadóttir, fagstjóri erlendrar skráningar, Landsbókasafni

#### Kerfisteymi:

- Sigrún Hauksdóttir, þróunarstjóri, Landskerfi bókasafna, talsmaður hópsins
- Dögg Hringisdóttir, kerfisstjóri, Landskerfi bókasafna
- Hildur Gunnlaugsdóttir, gæðastjóri skráningar, Landsbókasafni

## Aðrir hópar sem komu að innleiðingunni

### Handbók skrásetjara Gagnis (HASK)

- Hildur Gunnlaugsdóttir, gæðastjóri skráningar, Landsbókasafni (ritstjóri)
- Sóley Hjartardóttir, íslensk skráning og bókfræðistjórn, Landsbókasafni (vefstjóri)
- Magnhildur Magnúsdóttir, verkefnisstjóri, Landsbókasafni
- Rósfríður Sigvaldadóttir, fagstjóri erlendra skráningar, Landsbókasafni

### Skráningarráð

- Rósa S. Jónsdóttir, forstöðumaður bókasafns Orkustofnunar (formaður)
- Áslaug Þorfinnsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, Bókasafni Hafnarfjarðar
- Hallfríður Kristjánsdóttir, fagstjóri íslenskrar skráningar, Landsbókasafni
- Þóra Sigurbjörnsdóttir, verkefnastjóri, Borgarbókasafni Reykjavíkur

### Vinnuhópur um birtingu fullrar færslu

- Sigrún Hauksdóttir, þróunarstjóri, Landskerfi bókasafna, talsmaður hópsins
- Telma Rós Sigfúsdóttir, vefstjóri, Landskerfi bókasafna
- Þóra Sigurbjörnsdóttir, verkefnastjóri, Borgarbókasafni
- Áslaug Óttarsdóttir, deildarbókavörður, Borgarbókasafni
- Gunnhildur Björnsdóttir, forstöðumaður, Bókasafni Menntavísindasviðs H.Í.
- Kristína Benedikz, upplýsingafræðingur, Bókasafni Háskólans í Reykjavík

### Vinnuhópar skráningarráðs

#### Kortahópur

- Jökull Sævarsson, sérsöfn, Landsbókasafni, talsmaður hópsins
- Hildur Gunnlaugsdóttir, gæðastjóri skráningar, Landsbókasafni

#### Bókahópur

- Hallfríður Kristjánsdóttir, fagstjóri íslenskrar skráningar, Landsbókasafni, talsmaður hópsins
- Áslaug Þorfinnsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, Bókasafni Hafnarfjarðar
- Rósfríður Sigvaldadóttir, fagstjóri erlendra skráningar, Landsbókasafni
- Magnhildur Magnúsdóttir, verkefnisstjóri, Landsbókasafni

#### Tímaritahópur

- Helga Kristín Gunnarsdóttir, fagstjóri tímarita, Landsbókasafni, talsmaður hópsins
- Anna María Sverrisdóttir, íslensk skráning og bókfræðistjórn, Landsbókasafni
- Gunnhildur Loftsdóttir, bókasafnsfræðingur, Bókasafni Seltjarnarness

#### Hljóðbókahópur

- Rósa Björg Jónsdóttir, íslensk skráning og bókfræðistjórn, Landsbókasafni, talsmaður hópsins
- Gunnhildur Loftsdóttir, bókasafnsfræðingur, Bókasafni Seltjarnarness
- Magnhildur Magnúsdóttir, verkefnisstjóri, Landsbókasafni

## **Tónlistarhópur / Nótur**

- Rósa Björg Jónsdóttir, íslensk skráning og bókfræðistjórn, Landsbókasafni, talsmaður hópsins
- Súsanna Flygenring, bókasafns- og upplýsingafræðingur, Bókasafni Hafnarfjarðar
- Vigdís Þormóðsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, Listaháskóla Íslands

## **Kvikmyndahópur**

- Magný Rós Sigurðardóttir, aðföng, Landsbókasafni, talsmaður hópsins
- Anna María Sverrisdóttir, íslensk skráning og bókfræðistjórn, Landsbókasafni
- Sóley Hjartardóttir, íslensk skráning og bókfræðistjórn, Landsbókasafni

### Könnun á fjölda sem hyggst sækja RDA skráningarnámskeið á vorönn 2016

#### Tilgangur könnunar

- Að kanna fjölda þeirra sem hyggjast sækja RDA skráningarnámskeið á vorönn 2016.

#### Hvernig var könnunin gerð?

- Könnunarformið sem notað var heitir Survey Monkey og finnst undir <https://www.surveymonkey.com/>

#### Hverja og hversu marga var sent á?

- Könnunin var send í tölvupósti á netföng fengin úr netfangalista þeirra sem eru með skráningarheimild í Gegni og eru starfandi skrásetjarar, þetta voru um 180 netföng.

#### Hversu langan tíma stóð könnunin yfir?

- Könnunin stóð yfir frá 1. - 15. júní 2015

#### Hvernig framkvæmt

- Tölvupóstur var sendur út með vefslóð í könnunina. Þetta er textinn sem var sendur í tölvupósti:

„Námskeið fyrir skrásetjara

Á næsta ári eru fyrirhuguð námskeið um skráningu skv. RDA reglunum. Þessi námskeið eru fyrir skrásetjara með skráningarheimild og verða þau haldin á tímabilinu febrúar – apríl 2016. **Þeir skrásetjarar sem ætla að viðhalda skráningarheimild sinni verða að sækja þessi námskeið.**

Til að auðvelda undirbúning námskeiðanna biðjum við þig að taka þátt í þessari óformlegu könnun. Hún er gerð til þess að áætla þann fjölda sem mun sækja námskeiðin.

Könnun: .....

#### Spurt var

Hyggst þú sækja RDA skráningarnámskeið fyrir skrásetjara og viðhalda þar með skráningarheimild þinni?

#### Svarmöguleikar voru:

Já – Líklegt – Ólíklegt - Nei

#### Hversu margir svöruðu

- 122 svör bárust


## Niðurstaðan

Já = 108

Líklegt = 10

Ólíklegt = 3

Nei = 1



### Könnun um RDA fræðslufundinn 21. maí 2015

#### Tilgangur könnunar

- Að kanna hvernig til tókst með fundinn.

#### Hvernig var könnunin gerð?

- Könnunarformið Survey Monkey var notað og finnst undir <https://www.surveymonkey.com/>
- Gerðar voru 4 spurningar, af þeim voru þrjár með opnum spurningum og ein sem bauð uppá að haka við og/eða koma með athugasemdir í textaformi.
- Könnunin var send út í tvennu lagi því könnunarformið bauð eingöngu upp á könnun fyrir 100 manns. Því var hópnum skipt í tvennt og sendar út tvær nákvæmlega eins kannanir.

#### Hverja og hversu marga var sent á?

- Könnunin var send í tölvupósti á netföng fengin úr netfangalista þeirra sem mættu á fundinn, þetta voru um 107 netföng.

#### Hversu langan tíma stóð könnunin yfir?

- Könnunin stóð yfir frá 12. – 26. júní 2015

#### Hvernig var könnunin framkvæmd?

- Tölvupóstur var sendur út með vefslóð í könnunina. Þetta er textinn sem var sendur í tölvupósti:

Nú erum við að skoða næstu skref til að koma gagnlegum upplýsingum um RDA skráningarreglurnar út á meðal skrásetjara og annarra áhugasamra um þessar nýju reglur.

Því viljum við biðja ykkur sem sóttuð RDA fræðslufundinn í Bratta fimmtudaginn 21. maí síðastliðinn að svara fjórum spurningum. Svörin munu nýtast okkur við að skipuleggja framhaldið.

Með fyrirfram þökk fyrir þátttökuna

Könnun: <https://www.surveymonkey.com/s/J7YR7PX>

Bestu kveðjur

F.h.

Innleiðingarteymis RDA

Magnhildur Magnúsdóttir verkefnisstjóri RDA innleiðingar

### **Hvaða spurninga var spurt?**

1. Hvernig fannst þér RDA fræðslufundurinn fimmtudaginn 21. maí 2015?  
Veljið allt sem við á. Einnig hægt að setja athugasemdir.
  - a. Ég bætti við þekkingu mína á efninu
  - b. Mér fannst fundurinn áhugaverður
  - c. Ég hafði ekki næga grunnþekkingu á efni fundarins til að skilja það sem fjallað var um
  - d. Ég bætti ekki við þekkingu mín á viðfangsefninu
  - e. Mér fannst fundurinn yfirþyrmandi
2. Hvað fannst þér gagnlegt á RDA fræðslufundinum? (Opin spurning)
3. Hvað fannst þér vanta á RDA fræðslufundinum? (Opin spurning)
4. Fleira sem þú vilt að komi fram? (Opin spurning)

### **Hversu margir svöruðu**

- 60 svör bárust


### **Hvernig var unnið úr könnuninni**

Farið var í gegnum allar athugasemdir sem bárust og flokkað eftir efni, síðan var þeim safnað saman og flokkað enn nákvæmar í þá flokka sem skoruðu hæst.




## Helstu niðurstöður


Hvernig fannst þér RDA fræðslufundurinn fimmtudaginn 21. maí 2015?



Helstu niðurstöður úr opnu spurningunum, 92 svör bárust og sum fólu í sér nokkrar athugasemdir. Hér má sjá niðurstöður þeirra athugasemda sem komu oftast upp.



## Helstu kostir



### Helstu niðurstöður úr könnun vegna RDA skráningarnámskeiða

#### Tilgangur könnunar

- Að kanna hvort skrásetjarar teldu RDA skráningarnámskeiðið gagnast sér.

#### Hvernig var könnunin gerð?

- Könnunarformið sem notað var heitir Survey Monkey og finnst undir <https://www.surveymonkey.com/>

#### Hverjum og hversu mörgum var send könnunin?

- Að loknu hverju námskeiði var könnunin send í tölvupósti á netföng þess hóps sem var að ljúka námskeiðinu. Könnunin var send 160 skrásetjurum.

#### Hversu lengi stóð könnunin yfir?

- Könnunin stóð yfir frá 2. febrúar – 30. apríl 2016

#### Hvernig framkvæmt

- Tölvupóstur með vefslóð á könnunina var sendur strax að loknu hverju námskeiði á þann hóp sem var að ljúka námskeiði. Gerðar voru tvær samskonar kannanir þar sem einungis 100 gátu svarað hvorri könnun. Fyrri könnunin var send á fleiri en 100 og það varð til þess að þegar könnun var send til hóps sem í voru skrásetjarar númer 100 – 107 var ekki hægt að skoða síðustu sjö svörin. Þetta er textinn sem var sendur í tölvupósti:

Kæri skrásetjari

Hér kemur örstutt könnun um RDA skráningarnámskeiðið. Svörin munu nýtast okkur við að skipuleggja framhaldið við innleiðingu RDA á Íslandi.

Með fyrirfram þökk fyrir þátttökuna

Könnun: <https://www.surveymonkey.com/r/8XZZS28>

Síðari könnunin

Með fyrirfram þökk fyrir þátttökuna

Könnun: <https://www.surveymonkey.com/r/GTVGN58>

Bestu kveðjur

F.h.

Innleiðingarteymis RDA

Magnhildur Magnúsdóttir, verkefnisstjóri RDA innleiðingar á Íslandi

### **Spurt var**

#### **1. Hversu oft skráir þú í Gegni?**

- 3-5 daga í viku
- 1-2 daga í viku
- 1-3 daga í mánuði
- Nokkrum sinnum á ári
- Aldrei

#### **2. Stóðst RDA námskeiðið væntingar þínar?**

- Já
- Nei

#### **3. Ef nei, hvað fannst þér vanta?**


#### **4. Hversu tilbúin/n ertu að skrá eftir RDA skráningarreglunum?**

- Vel
- Sæmilega
- Illá


### Hversu margir svöruðu (samtals báðar kannanirnar)?

Könnunin var send 160 manns. 130 svöruðu en ekki var hægt að greina niðurstöður frá 7 þar sem fyrri könnuninni var lokað við svar númer 100. Þess vegna er unnið úr 123 svörum.

#### 1. Svarhlutfall = 123/123



#### 2. Svarhlutfall = 123/123




### 3. Ef nei, hvað fannst þér vanta?

Hér gafst kostur á að koma með athugasemd við spurningu númer 2.

Svarhlutfall = 3/123

- „En hefði verið gott að hafa fleiri dæmi og lengri tíma fyrir verkefni“.
- „Mér fannst of mikið farið í RDA tools síðuna, því hún segir sig nokkurn vegin sjálf og mér fannst fyrri dagurinn frekar ómarkviss með mikið af endurtekningum“.
- „Hefði viljað sjá styttra námskeið fyrir þá sem skrá sjaldan í Gegni og frumskrá sjaldan og eru aðallega að veiða færslur“.

### 4. Svarhlutfall 122/123



## ABSTRACT

This report gives an overview of the preparation for the implementation of the new international cataloguing rules, Resource Description & Access (RDA) and the implementation process itself from January 1, 2015 to the end of May, 2016. The main responsibility for the decision, as well as the financial responsibility for the project, lies with The National and University Library of Iceland. Some other libraries also participated in the project. In Iceland, nearly all libraries share a common library system run by an independent company, owned by the state and municipalities. This company, The Consortium of Icelandic Libraries, played an important role in the implementation process, ensuring that the library system was compatible with new cataloguing procedures. The Cataloguing Council prepared a draft schedule and appointed the implementation team, a translation team and a teaching team. Along with these teams the Cataloguing Council and a system team from the Consortium of Icelandic Libraries carried out the main tasks involved in the implementation. When the implementation formally began, the implementation team and the project manager took over the supervision and a steering committee advised on all major topics. It was decided to learn from libraries in other countries that had already implemented RDA. Some applications were also made for grants. The main task of the translation team was to translate basic concepts and the introduction for the rules and also to assess the need for further translations. The teaching team was responsible for organizing RDA courses and training sessions for the cataloguers. The team also created teaching material in Icelandic. Ten training courses were held from February to the beginning of April 2016 and 161 cataloguers participated. The Cataloguing Council appointed work teams which compiled guidelines to cataloguing of different formats according to RDA for publication in HASK (*Manual for Gegnir cataloguers*). The manual has been updated with information pertaining to RDA so that cataloguers don't need to rely solely on the RDA Toolkit. Three online surveys were made and three informative meetings were held. Formal implementation ended May 20, 2016. This means that from then on, all original cataloging is according to RDA in Icelandic libraries.



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS  
HÁSKÓLABÓKASAFN